

<b>Fundarnúmer:</b>	579
<b>Dagsetning:</b>	22.12.2008
<b>Tími:</b>	09:00
<b>Staður:</b>	Fundarsalur Ráðhúss

**579. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 22. desember 2008 kl. 09:00 í fundarsal Ráðhúss.**

**Dagskrá:**

1. Viðræður við framkvæmdastjóra Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga.
2. Málefni Hvammstangahallarinnar ehf.
3. Fundagerð 759. fundar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga.
4. Erindi Húsnefndar, Nestúni 2-6.
5. Fundargerð stjórnar SSNV frá 8/12 2008.
6. Bréf Björns Inga Þorgrímssonar.
7. Bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands.
8. Erindi Benedíkts Ragnarssonar f.h. eigenda Barkastaðaskógar ehf.
9. Erindi Kristínar Guðmundsdóttur og Aldísar Olgu Jóhannesdóttur.
10. Reglur um úthlutun styrkja v/ tónlistarnáms.
11. Tillaga sveitarstjóra um framkvæmd og gildistöku samþykktar sveitarstjórnar um breytingar á rekstri Íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra.

**Afgreiðslur:**

1. Guðmundur Haukur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga er mættur til fundarins. Greindi hann frá áformum sem fram koma í frumvarpi til fjárlaga um sameiningu heilbrigðisstofnana innan heilbrigðisumdæma. Þá var rætt um fjárhagsstöðu stofnunarinnar sem teljast verða afar slæmar
2. Farið yfir málefni Hvammstangahallarinnar ehf. Lögð var fram greinargerð um byggingu reiðhallar á Hvammstanga, framkvæmdaáætlun v/ reiðhallarbyggingar og framkvæmdaáætlun v/ Íslandsmóts barna, unglinga og ungmenna 2010. Sveitarstjóra falið að afla nánari upplýsinga.
3. Fram lögð til kynningar fundargerð 759. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
4. Fram lagt erindi Húsnefndar Nestúni 2-6. Í erindinu er óskað eftir því að dyr verði opnaðar austur úr gangi á neðri hæð sem tengir saman eldri og nýrri íbúðir. Samþykkt að vísa erindinu til skoðunar tæknideildar.
5. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar SSNV frá 8. desember sl.
6. Fram lagt bréf Björns Inga Þorgrímssonar. Í bréfinu er óskað eftir niðurfellingu sorphirðugjalds á heimili bréfitara á grundvelli flokkunar- og endurvinnslu sem framkvæmd hefur verið sl. ár. Samþykkt að vísa erindinu til skoðunar tæknideildar.
7. Fram lagt til kynningar bréf Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands en þar er fjallað um áhrif fjármálakreppunnar á hag félagsins. Einnig er tilkynnt að í byrjun árs verði boðað til fundar í fulltrúaráði félagsins.
8. Fram lagt bréf Benedíkts Ragnarssonar f.h. Barkastaðaskógar ehf. Í bréfinu er óskað eftir umsögn sveitarstjórnar vegna stofnunar lögbýlis á Barkastaðaskógi sem áður hét Barkastaðasel, landnúmer 144061. Samþykkt að vísa erindinu til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs.
9. Fram lagt erindi Kristínar Guðmundsdóttur og Aldísar Olgu Jóhannesdóttur þar sem óskað er eftir fjárstyrk frá Húnaþingi vestra á árinu 2009 vegna upplýsingaveitu um ferðaþjónustu og menningu í Vestur-Húnavatnssýslu. Erindinu hafnað.
10. Fram lögð drög að reglum um styrki Húnaþings vestra v/ tónlistarnáms. Byggðarráð samþykkir reglurnar með áorðnum breytingum. Í fjárhagsáætlun ársins 2009 eru kr. 300.000-

til ráðstöfunar til úthlutunar styrkja v/ tónlistarnáms. Hámarksstyrkur á nemanda á önn er kr. 50.000-.

**11.** Sveitarstjóri lagði fram tillögu um gildistöku og framkvæmd tillagna um breytingu á rekstri Íþróttamiðstöðvar Húnaþings vestra. Byggðarráð samþykkir tillögurnar.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 10:50  
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),  
Þ. Karl Eggertsson(sign.), Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).